

Dómur Hæstaréttar um vexti gengistryggðra lána

Hagsmunasamtök heimilanna lýsa undrun sinni og vonbrigðum með dóm Hæstaréttar í máli 471/2010 sem kveðinn var upp í gær, í svo kölluðu bílalánamáli. Telja samtökin það ekki standast neytendaréttartilskipun ESB númer 93/13/EC að dæma samningsvexti gengistryggðra lána ógilda og láta mun óhagstæðari vaxtakjör koma í staðinn í skjóli þess að vaxtalög geri ráð fyrir því. Nauðsynlegt er að hafa í huga að með því að velja umrætt lánaþyrirkomulag voru lántakendur að forðast þá vexti sem nú eiga að gilda. Ekki má líta framhjá því að vextirnir sem um ræðir urðu hærrí en efni stóðu til vegna fjárglæfra fjármálafyrirtækja og eigenda þeirra, meðal annars Exista eiganda Lýsingar. Þessir vextir gera ekkert annað en að skipta einum forsendubresti út fyrir annan og eru á allan hátt mjög óhagstæðir lántökum. Dómurinn kys að líta framhjá þessum málsástæðum sem og öðrum rökum og er það miður.

Rök Hæstaréttar eru að LIBOR vextir hafi eingöngu verið í boði vegna gengistryggingarinnar og því bresti forsendur fyrir þeim, þar sem gengistrygging hafi verið ólögleg. Hagsmunasamtök heimilanna benda á að sú lagagrein sem Hæstiréttur notar í rökstuðningi sínum, þ.e. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur er frávikjanleg samkvæmt 2. gr. laganna. Einnig að í 2. gr. er tiltekið að ávallt megi víkja frá ákvæðum laganna **“til hagsbóta fyrir skuldara”**. Er alveg með ólíkindum að Hæstiréttur skuli líta framhjá þessum tveimur heimildum sem lögin veita til að velja aðra vexti en lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabanka Íslands. Eins og dæmin hér fyrir neðan sýna þá var ekki bara sanngjarn að dómurinn viki frá ákvæðinu um seðlabankavextina heldur spurning um réttlæti.

Í sinni öfgakenndustu mynd mun dómur Hæstaréttar þýða, að lántaki sem greiddi lán sitt upp fyrir hrun krónunnar í mars 2008, þurfi að greiða lánveitanda sínum háar fjárhæðir í vangreiðda vexti, auk þess sem höfuðstólsafborganir munu hækka í krónum talið, þar sem lántakinn mun ekki njóta sterkrar stöðu krónunnar hluta lánstímans. Hafi þessi lántaki tekið 1.000.000 kr. lán til þriggja ára árið 2005 og höfuðstóllinn verið gengistryggður með svissneskum frönkum, hefur hann líklega verið að greiða um 220-250.000 kr. á ári í afborganir (vegna styrkingar krónunnar hluta lánstímans) og um 20.000 kr. á ári í vexti. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hækkar afborgunarhluti greiðslunnar í 333.000 kr. á ári og vaxtagreiðslan í 75.000 kr. á ári. Árlegar greiðslur eiga því að hækka um á bilinu 160-190 þús. kr. Við þetta bætast síðan dráttarvextir vegna vangreiðslunnar. Hagsmunasamtök heimilanna geta ekki séð að slík hækkun samræmist neytendaverndar ákvæði ESB, eins og þau eru lögleidd í c-lið 36. greinar laga númer 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda gjörninga, en þar segir:

Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.

Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

Annað dæmi er af lántaka sem tók 10 m.kr. gengistryggt lán til 30 ára í ársbyrjun 2005. Hafi

lánið tekið breytingum í samræmi við gengisvísitölu og mismunur á greiðslu samkvæmt greiðsluseðli og samkvæmt dómi Hæstaréttar beri að jafnaði 22% dráttarvexti, þá stendur höfuðstóll lánsins í 8,3 m.kr. en vangreiðslur með dráttarvöxtum nema 10,8 m.kr., þ.e. skuld lántaka er 19,1 m.kr. Gengistryggður höfuðstóll lánsins stendur aftur í innan við 14 m.kr.

Spurningin sem Hagsmunasamtök heimilanna spyrja sig er, hvernig Hæstiréttur getur breytt samningum sem hér um ræðir, svo gróflega eins og dæmin að ofan sýna, án þess að rétturinn sé að brjóta gegn neytendaréttarákvæðum íslenskra laga? Getur það staðist að Hæstiréttur geti dæmt lántaka til að greiða hærri greiðslu, en einkaréttarlegur samningur kveður á um?

Hagsmunasamtök heimilanna höfðu frá upphafi efasemdir um, að málið sem dómur 471/2010 snýst um væri heppilegt prófmál. Stærsta ástæðan er að lánið var tekið í nóvember 2007 og hafði því ekki nægilega langa greiðslusögu til að sýna hvernig lægstu vextir Seðlabanka Íslands orsaka verulega vangreiðslu lántaka á því tímabili sem gengi viðmiðunargjaldmiðla gagnvart krónunni var í samræmi við forsendur lánasamningsins. Niðurstaða Hæstaréttar sýnir að samtökin höfðu rétt fyrir sér. Hæstiréttur fékk í hendur mál, þar sem lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabanka Íslands gefa tiltölulega jákvæða niðurstöðu fyrir lántakann samanborið við þau dæmi sem nefnd eru að ofan.

Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm og fjármálafyrirtækin ganga feitari frá borði. Lögrjótunum er beinlínis bætt eigið brot á lántökum úr vasa lántaka og gott betur í mörgum tilfellum. Því miður mun niðurstaðan bara leiða til fleiri dómsmála. Samtökin sjá fyrir sér, að næst verði höfðuð dómsmál hér innanlands, þar sem látið verði reyna á forsendubrest lánanna. Auk þess verði málum skotið til EFTA-dómstólsins til að láta reyna á neytendaverndartilskipun ESB. Skýrslur RNA og þingmannanefndar Alþingis staðfesta grun um víðtæk mistök í efnahagsstjórn, stjórnssystemu og beinar aðfarir fjármálafyrirtækja gegn hagsmunum lántaka sinna, bæði með gengis- og verðtryggð lán. Engin sátt mun nást fyrr en stjórnvöld og fjármálafyrirtæki sæta ábyrgð með jöfnun ábyrgðar og almennri leiðréttingu lána. Án slíkrar leiðréttingar munu neikvæðar afleiðingar hrunsins stöðugt aukast og tefja viðsnúning til endurreisnar.

Stjórnvöld hafa ítrekað haft tækifæri til að höggva á þann hnút sem er á lánamálum heimilanna. Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur nú boðað lagasetningu í því skyni að leysa málin. En verður það lausn? Eins og áður, hefur ekkert samráð verið haft við neytendur um meinta lausn. Er það með ólíkindum í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu.

Dómur Hæstaréttar um vexti þeirra lána, sem áður voru gengistryggð, mun ekki draga neitt úr þörf fyrir úrræði vegna greiðslu- og skuldavanda heimilanna. Gæði lánasafna fjármálafyrirtækjanna hafa lítið aukist og í mörgum tilfellum hrakað. Krafan um leiðréttingu höfuðstóls lánanna er ennþá til staðar, þó svo að fjárhæðirnar séu kannski ekki þær sömu og áður. Greiðsluvandinn hefur á hinn bóginn aukist, þar sem nú þarf að gera upp nýtilkomnar skuldir aftur í tímann. Skuldir sem Hæstiréttur ákvað að lántakar þurfi að standa í skilum af, þrátt fyrir að hafa ekki verið í vanskilum fyrir dóm í máli 471/2010.

Þess má geta að ótímabundið greiðsluverkfall Hagsmunasamtaka heimilanna er enn í fullu gildi. Þúsundir hafa verið í greiðsluverkfalli svo mánuðum skiptir, þúsundir munu nú bætast í hópinn. Á vefsíðu samtakanna má finna nánari upplýsingar um möguleika til þátttöku. Samtökin

sjá enga ástæðu til að aflýsa greiðsluverkfalli á meðan stjórnvöld standa í samanteknum ráðum með svikamyllu fjármálafyrirtækja og engar eru viðræðurnar um sanngjarna úrlausn fyrir heimilin.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna 17.9.2010